

## Nefndasvið Alþingis

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

*Efni: Umsögn um frumvarp til laga um  
staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál.*

12. nóvember 2015

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar að hafa fengið til umsagnar Frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, sbr. tölvupóst Nefndasviðs Alþingis 23. október sl.

Frumvarpið er efnismikið og greinilega er leitast við að það nái til sem flestra þeirra fjölmörgu þátta sem lúta að þessu viðkvæma máli. Það er vissulega þakkarvert að vandað sé til þess ramma sem settur er um málið til að reyna sem best að tryggja að staðgöngumæðrun hér á landi verði eingöngu í velgjörðarskyni. Gert ráð fyrir skilyrðum til að sporna við því að greitt sé fyrir þjónustu staðgöngumæðra og að hún verði veitt í hagnaðarskyni. Hæpið er þó að gera ráð fyrir að slíkir varnaglar haldi en hitt skiptir ekki síður máli hvort meðgönguþjónusta stuðli í raun að aukinni farsæld allra viðkomandi aðila, hvort sem þjónustan væri launuð eða ekki.

Staðgöngumæðrun er vissulega ætlað að veita barnlausu fólki þá gæfu að eiga og ala upp börn. Alla kosti verður þó ævinlega að skoða í ljósi heildarsamhengis, blóðforeldranna, staðgöngumóðurinnar og fjölskyldu hennar, en ekki síst barnsins sjálfs. Ætt og uppruni og samhengi kynslóðanna eru ríkur þáttur í tilvistarvitund okkar og sjálfsmynd. Aðskilnaður foreldra og barna veldur oft ómældum sársauka, auk þess sem réttur barns til að þekkja ætt sína og uppruna ætti að vera fortakslaus.

Í bahá'í trúnni er líkt og í öðrum trúarbrögðum lögð áhersla á fjölskylduna sem grunneiningu og hornstein samfélagsins en hlutverk hjónabandsins felst ekki síst í því að ala upp nýja kynslóð af ábyrgð, ástrik og visku. Ábyrgð á eigin lífi og afkvæma sinna nær einnig til kynfruma. Egg og sæði eru því hvorki sölu- né gjafavara.

Það að aðskilja blódtengsl og fjölskyldutengsl líkt og gerist þegar egg eða sæði er gefið, jafnvel nafnlaust, er að okkar áliti varhugavert þótt það sé heimilt samkvæmt íslenskum lögum. Staðgöngumæðrun, þar sem kona gengur með barn alls óskylt sér og maka sínum, er nýtt og jafnvel enn stærra skref í þessum aðskilnaði, þar sem ein forsenda þess að vel takist til á að vera að konan myndi ekki tilfinningatengsl við barnið sem hún ber undir belt og fæðir.

Hvort staðgöngumæður geti forðast að bera tilfinningar til barnanna sem þær ganga með, eða hvort slíkt tilfinningaleysi sé hollt, eru veigamikil atriði sem þarf að hugleiða af fullri alvöru. Hætt er við að reglur sem sniðganga tilfinningar tengdar meðgöngu í því skyni að uppfylla tilfinningar annars fólks séu í mótsögn við raunverluengt mannlegt eðli okkar. Eðlislægar mannlegar tilfinningar eru dýpri en svo að þeim verði vikið til hliðar fyrir tæknilegar lausnir. Öll erum við takmörkunum háð og á einhverju stigi hljótum við að beygja okkur í auðmýkt og ædruleysi fyrir aðstæðum og örlögum. Þótt tækni og vísindi geti bætt líf okkar er á stundum rétt að staldra við og meta tilgang og markmið. Tæknilegir möguleikar mega ekki leiða til þess að við missum sýn á grunngildi mannsins og krefjumst þess að allar óskir okkar rætist, jafnvel á kostnað annarra.

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI  
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

Tilfinningar gagnvart fjölskyldu eru líklega sterkustu tilfinningar sem við berum í brjósti og að ætla að aftengja raunveruleg blóðbönd á svo afgerandi hátt kann að leiða af sér meiri tilfinningaflækjur og óhamingju en þá gæfu sem þeim var ætlað að uppfylla.

Þótt andlega þjóðarráðið hafi ævinlega fordæst að þröngva siðgildum bahá'í trúarinnar upp á aðra getum við með engu móti mælt með staðgöngumæðrum af neinu tagi.

fyrir hönd Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi

*Marta Aðalh. Hinriksd.*

Marta Aðalheiður Hinriksdóttir ritari